



186. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 7. janúar 2021, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir, Arnheiður Jónsdóttir, Róbert Arnar Stefánsson, Eyjólfur Bjarnason og Karl Kristjánsson.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30.

Framtíð Breiðafjarðar – innsendar umsagnir

Samantekt nefndarinnar varðandi framtíð Breiðafjarðar, ásamt drögum að tillögum hennar til ráðherra voru sendar sveitarstjórnnum við fjórðinn til formlegrar umsagnar þann 23. nóvember 2020. Hún var auk þess birt á heimasíðu nefndarinnar og íbúum þannig gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum í gegnum tölvupóst. Umsagnarfrestur var gefinn til 18. desember en þeim umsögnum sem berast nefndinni fram að lokaútgáfu samantektarinnar verður þó haldið til haga.

Umsagnir hafa borist frá öllum sveitarfélögum sem að firðinum liggja. Auk þess bárust fjörutíu umsagnir frá íbúum, landeigendum, ýmsum hagsmunaaðilum sem nýta hlunnindi fjarðarins og öðrum sem létu sig málið varða.

Breiðafjarðarnefnd ítrekar að samtalið um framtíð Breiðafjarðar er rétt að hefjast. Breiðafjarðarnefnd telur því mikilvægt að næstu skref í mótun framtíðar Breiðafjarðar feli í sér vel útfærða fræðslu og ítarlegt samráð um málið svo að skoðanir og afstaða byggi á réttum forsendum.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd þakkar þeim sem sendu umsagnir og athugasemdir við samantekt nefndarinnar. Samþykkt að taka saman helstu niðurstöður umsagnanna og birta þær í lokaskýrslu nefndarinnar, sem afhent verður ráðherra í janúar.

Næsti fundur:

Þriðjudagur 13. janúar kl. 10:30.

Fundi slitið kl. 11:50